

Markús Björgunarlína Gerð RLC

Markús Björgunarlínur gerð RLC eru ætlaðar í báta, ferðabíla, á snjósleða og fyrir göngufólk sem ferðast nálægt vötnum og á ís, til að geta brugðist skjótt við þegar kasta þarf björgunarlínu til manns á neyðarstundu.

Markús Björgunarlínur koma frágengnar í kastpoka.

Markús Björgunarlínur eru útbúnar kastlóði sem límt er innan í flotkubb, þannig að pokinn sem geymir flotið fljóti og lóðið meiði ekki mann sem kastpokanum er kastað til. Lóðið eykur nákvæmni kastsins og gerir mögulegt að línunni sé kastað öðru sinni án þess að henni sé pakkað í kastpokann / geymsluvasann eða pokinn sé fylltur af vatni áður en kastað er.

Markús Björgunarlínur eru útbúnar brjóstlykkju svo að maður sem fer öðrum til hjálpar geti verið tengdur við bát, land eða þann sem tryggir hann.

Helstu kostir Markús Björgunarlínu eru:

- Sólþolin flotlína sem fullnægir kröfum um björgunarhringi.
- Er mjúk og þjál og gefur gott grip.
- Útbúin kastfloti sem tryggir kast þó línu sé ekki pakkað.
- Útbúin brjóstlykkju til að tryggja þann sem fer eftir manni.
- Markvisst kast.
- Auðveld pökkun.
- Fyrirferðarlítill og þægileg í notkun.
- Vegghengi fáanlegt sem aukahlutur.

Lýsing:

Markús Björgunarlínur gerð RLC eru fáanlegar í staðlaðri útgáfu.

RLC25 Björgunarlína 25 m löng með brjóstlykkju frágengin í kastpoka. Hönnuð fyrir almenna notkun í minni dekkbátum, farartæki á landi og fyrir göngufólk. Hentar í skip með borðhæð allt að 5 metrum. Má tengja við björgunarhring sem á að vera með björgunarlínu.

- Efni: Flotlína gul úr kjarnalausú sólþolnu multifilament polypropelen efni.
- Slitþol : 900 kg
- Sverleiki: 9 mm
- Lengd: Breytileg eftir gerð sjá að ofan.
- Poki / Hulstur: PU dúkur
- Þyngd: Breytileg eftir gerð.

Aukahlutur:

7 210 001 RLC.TB vegghengi úr riðfriú stáli með 2 skrúfum.

Hönnunarréttur: Pétur Th. Pétursson

Maður fyrir borð öryggi og björgun er okkar viðfangsefni.

